



Lúxemborg, 27. október 2017

FRÉTTATILKYNNING 10/2017

Dómur í máli E-21/16 *Pascal Nobile* gegn *DAS Rechtsschutz-Versicherungs AG*

MÁLSKOSTNAÐARTRYGGINGAR OG RÉTTUR VÁTRYGGÐS TIL FRJÁLS VALS Á LÖGFRÆÐINGI

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá áfrýjunardómstóli í Liechtenstein (*Fürstliches Obergericht*) í máli er varðar túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga („tilskipunin“).

Pascal Nobile er með tryggingu fyrir málsvarnarkostnaði hjá *DAS Rechtsschutz-Versicherungs AG* („DAS“). Árið 2015 reis ágreiningur á milli Nobile og leigusala hans. Nobile réð lögfræðing í því skyni að höfða mál gegn leigusalanum, en gerði það án þess þó að tilkynna DAS um það áður. Í framhaldi af því barst DAS krafa frá lögfræðingi Nobile um málskostnað. DAS hafnaði aftur á móti kröfunni og byggði á því að Nobile hefði brotið gegn skilmálum og skilyrðum váttryggingarsamnings þeirra í milli.

Í framhaldinu höfðaði Nobile mál gegn DAS þar sem hann krafðist viðurkenningar á því að DAS væri skylt að greiða honum málskostnað vegna málsins sem hann hugðist höfða gegn leigusala sínum. Undir áfrýjun málsins ákvað áfrýjunardómstóllinn að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins varðandi túlkun á a-lið 1. mgr. 201. gr. tilskipunarinnar um frjálst val á lögfræðingi.

Dómstóllinn tók fram að a-liður 1. mgr. 201. gr. tilskipunarinnar kvæði á um rétt hins váttryggða til að velja sér lögfræðing til að reka erindi hans eða gæta hagsmuna hans við hvers kyns málsrannsókn eða málshöfðun. Ákvæðið hefði almennt gildi og væri í eðli sínu ekki valkvætt. Þar að auki mælti samhengi ákvæðisins, markmið þess og orðalag gegn því að orðin „hvers kyns málsrannsókn eða málshöfðun“ væru skýrð þröngt.

Dómstóllinn benti á nokkur atriði sem gæfu það til kynna að almennir skilmálar og skilyrði DAS kvæðu ekki fyllilega á um rétt váttryggðs til frjáls vals á lögfræðingi. Í reynd virtust ákvæðin hafa þau áhrif að réttur hins váttryggða næði einungis til þess að gera tillögu um lögfræðing, en ákvörðunin yrði endanlega í höndum DAS. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að slíkir skilmálar og skilyrði væru ósamrýmanleg a-lið 1. mgr. 201. gr. tilskipunarinnar. Þar af leiðandi gæti váttryggingafélagið ekki losnað undan skyldu til greiðslu váttryggingabóta á grundvelli þess að hinn váttryggði hefði brotið gegn skilmálum og skilyrðum váttryggingarsamningsins.

Loks tók dómstóllinn það einnig fram að EES-ríkjum væri ekki skylt að áskilja að landsrétti að váttryggingafyrirtæki greiddu allan þann málskostnað sem til kynni að falla í þágu hins váttryggða. Slíkar greiðslur mætti skilyrða í samningssambandinu, að því tilskildu að frjáls réttur hins váttryggða til að velja sér lögmann yrði ekki skertur.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.